

# AIC - ÍSLAND/ICELAND

Flugmálastjórn Íslands, Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík /  
Icelandic Civil Aviation Administration, Reykjavik Airport, IS-101 Reykjavik, Iceland  
Sími/Telephone: + 354 569 4100 – Fax/Telefax: + 354 562 3619  
Netfang/E-mail: fms@caa.is – Veffang/Internet address: http://www.caa.is

AIC  
B 07 / 2004

10 JUN 2004

ICELANDIC



ENGLISH

## Að handsnúa flugvél í gang

Áður fyrr var kennsla í að handsnúa flugvélarhreyfil í gang sjálfsgæður hluti af grunnnámi flugnema, en þá voru flestar kennsluflugvélar án rafmagns.

Þó svo að flestar flugvélar séu nú með rafmagnsræsi ættu allir flugmenn að þekkja hættuna og vita hvernig á að handsnúa hreyfil í gang. Eins er nauðsynlegt að kenna einkaflugmönnum rétt handbrögð áður en þeir útskrifast.

Vegna þeirrar hættu sem er því samfara ætti aðeins að handsnúa flugvél í gang í ýtrustu neyð og eftir að nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

Aldrei ætti að handsnúa flugvélahreyfil í gang nema flugmaður eða flugtæknimentaður maður sem þekkir til allra stjórnþækja vélarinnar sé við stjórnvölinn og bremsur séu á. Einnig ætti að setja hjólaklossa framan við aðalhjólin. Ef þetta er ekki hægt ætti að binda vélina tryggilega niður.

Þegar nauðsynlegt reynist að handsnúa í gang gætið þess að yfirborð jarðar undir skúfunni sé hart og þar sé ekkert laust efni. Lausamöl, hált gras, aur eða feiti getur orðið til þess að sá sem er að handsnúa renni eða detti á loftskúfuna þegar hreyfillinn fer í gang.

Athugið að kveikjur séu „AF“. Snúið síðan skúfublaðinu þannig að það sé aðeins ofan við lárétta stöðu. Sá sem handsnýr á að standa beint framan við skúfuna hæfilega nærri en þó ekki of nálægt. Ef staðið er of fjarri skúfunni er nauðsynlegt að halla sér fram í ójafnvægri stöðu til að ná til hennar. Þetta gæti valdið falli fram að skúfunni þegar hreyfillinn fer í gang.

Þegar allt er tilbúið til gangsetningar skal flugmaðurinn líta í kringum sig og fullvissa sig um að engir óviðkomandi séu hættulega nærri flugvélinni.

Þegar bensíngjöfin hefur verið sett í ræsistöðu og kveikjurnar settar „Á“ er skúfublaðinu snúið með því að ýta blaðinu hratt niður með lófum beggja handa. Ef gripið er fast með fingrunum um skúfuna er hætta á að líkaminn dragist að skúfunni ef hreyfillinn miskveikir og snýst í öfuga átt. Um leið og skúfublaðinu er ýtt niður á viðkomandi að stíga afturábak frá skúfunni. Ef hreyfillinn fer ekki í gang, komið þá skúfublaðinu aftur í rétta stöðu fyrir aðra tilraun en gætið þess að kveikjur séu „AF“.

This AIC is only issued in Icelandic

Þegar hjólaklossar eru teknir frá eftir gangsetningu munið að loftskrúfan er næstum ósýnileg.

FLUGÖRYGGISSVIÐ

AIC upplýsingabréf B-0002 dagsett 6. mars 1997 er hér með felt út gildi.